



Nordplus norræna tungu- málaáætlunin



Kennir þú eða vinnur með norræn tungumál? Hefur þú áhuga á að taka þátt í tengslanetum eða verkefnasamstarfi þvert á landamæri?

Nordplus norræna tungumálaáætlunin veitir styrki til samstarfs um tungumál milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Undirbúningsheimsóknir

Kennarar, leiðbeinendur og annað starfsfólk getur sótt um styrki til undirbúningsheimsókna til samstarfsaðila á Norðurlöndum eða í Eystrasaltsríkjum.

Styrkurinn er ferða- og upphaldsstyrkur til að taka þátt í sameiginlegum fundum stofnana frá nokkrum löndum. Markmiðið er að kanna samstarfsmöguleika og undirbúa umsóknir í Nordplus norrænu tungumálaáætlunina.

Almennt er hægt að sækja um styrki til að halda einn undirbúningsfund sem varir að hámarki fimm daga, að ferðadögum meðtöldum. Tveir einstaklingar geta tekið þátt frá hverri stofnun.

Ein af samstarfsstofnunum skal halda undirbúningsfundinn. Einungis er hægt að sækja um styrk vegna ferða þeirra þátttakenda sem sækja fundinn.

Formlegar kröfur

Styrkir: Föst upphæð í ferða- og upphaldsstyrk.

Verkefnistími: 1 ár

Samstarfsaðilar: a.m.k. tvær stofnanir frá a.m.k. tveimur Norðurlöndum/Eystrasaltsríkjum.

Umsóknarfrestur: Fyrsti virki dagur í febrúar og október ár hvert.

Verkefni og tengslanet

Nordplus norræna tungumálaáætlunin styrkir tengslanet sem hafa það að markmiði að mynda nýtt samstarf til framtíðar á öllum sviðum og í öllum greinum norrænnar tungumálakennslu, þ.á.m. kennslu norrænna tungumála sem annað tungumál og miðlun á opinberum norrænum minnihlutatungumálum. Tengslanetin skulu byggja á sameiginlegu þema, áskorun eða viðfangsefni.

Nordplus norræna tungumálaáætlunin styrkir einnig þróunarverkefni, sem miða að því að þróa ný námskeið, námskeiðsgerð, aðferðir, efni og fleira sem bætur gæði norrænnar tungumálakennslu, styrkir stöðu norrænna tungumála og/eða koma til móts við nýjar þarfir.

Formlegar kröfur

Styrkir: Föst upphæð í ferða- og upphaldsstyrk og fyrir verkefnastjórnun. Raunkostnaður fyrir annan kostnað. Þróunarverkefni geta geta fengið styrk fyrir þær vinnustundir sem fara í þróun verkefnisins.

Verkefnistími: 1-2 ár

Samstarfsaðilar: a.m.k. tvær stofnanir frá a.m.k. tveimur Norðurlöndum/Eystrasaltsríkjum.

Umsóknarfrestur: Fyrsti virki dagurinn í febrúar ár hvert.

Nordplus norræna tungumálaáætlunin

Nordplus norræna tungumálaáætlunin veitir árlega um 635.000 evrum í styrki til verkefna sem auka veg og vanda norrænna tungumála á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.


Allir sem starfa á einhvern hátt að menntamálum geta sótt um styrkina. Meginmarkmiðið er að efla þekkingu á norrænum tungumálum.

Einnig er unnt að sækja um styrki til tungumálakennslu fyrir innflytjendur eða flóttamenn á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Auk þess styrkir áætlunin verkefni sem snúa að varðveislu og miðlun opinberra norrænna minnihlutatungumála.

Áætlunin nær til allra norrænu tungumálanna sem eru: danska, finnska, færeyska, grænlenska, íslenska, norska, samíska, sænska, norræna táknmálið og öll opinber minnihlutatungumál á Norðurlöndunum.

Frekari upplýsingar: www.nordplusonline.org

Lönd sem eiga aðild að Nordplus



- Grænland
- Ísland
- Færeyjar
- Noregur
- Svíþjóð
- Danmörk
- Álandseyjar
- Finnland
- Litháen
- Lettland
- Eistland

Um Nordplus

Nordplus áætlunin er menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin hefur árlega 9,3 milljónir evra til umráða til að styrkja nemenda- og starfsmannaskipti, verkefni og tengslanet á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Nordplus áætlunin skiptist í fimm undiráætlanir sem í sameiningu taka á allri menntun frá leikskóla og grunnskóla til æðri menntunar og fullorðinsfræðslu.

Frekari upplýsingar um Nordplus, þar sem einnig má nálgast umsóknareyðublöð, eru á vefsíðunni nordplusonline.org. Ef þörf er fyrir frekari leiðbeiningar eða upplýsingar er velkomið að hringja í okkur eða senda okkur tölvupóst.

nordplusonline.org/contact

